

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 1993

4. maí 1993

341

Nr. 179

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 194/1990 um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður er verði 9. tl. er orðist svo:
Þjónusta sem veitt er vegna löndunar eða sölu á afla fiskiskipa hér á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 12. gr. og 35. gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

4. maí 1993

Nr. 180

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 577/1989 um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.

1. gr.

Í stað orðanna „3. mgr.“ í 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. komi: 2. mgr.

2. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. falli brott orðin „til skattskylds aðila samkvæmt lögum nr. 50/1988“.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. laga nr. 50/1988 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. maí 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.